

# Grunnskóli Seltjarnarness

## Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli



5. bekkingar í heimsókn á Þjóðminjasafninu

Kristín Sverrisdóttir og Rannveig Óladóttir


Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2011 – 2012

Kristín Sverrisdóttir:

## Yngsta og miðstig Grunnskóla Seltjarnarness, Mýrarhúsaskóli


### Einstaklingsráðgjöf

Í Grunnskóla Seltjarnarness, Mýrarhúsaskóla, voru 279 nemendur (vor'12) í 1. - 6. bekk. Náms- og starfsráðgjafi ræddi formlega við 106 börn eða um 38% nemenda skólans og um það bil 42 foreldra eins og tafla 1 sýnir.




Tafla 1

Heildarfjöldi viðtala var um 375 við nemendur og um 64 við foreldra. Mörg mál eru þannig að fleiri en eitt viðtal þarf til að leysa málin og miklu máli skiptir að fylgjast vel með þeim og einnig er samstarf foreldra mjög þýðingarmikið. Náms- og starfsráðgjafi lagði áherslu á að senda tölvupóst til foreldra þegar barn þeirra kom í viðtal eins og síðasta ár. Á hverju ári á einhver nemandi skólans í miklum erfiðleikum og oft verður hann skjólstæðingur náms- og starfsráðgjafi og tekur mál viðkomandi barns drjúgan tíma. Árið í ár var engin undantekning frá því.




Tafla 2

Náms- og starfsráðgjafi á yngsta og miðstigi grunnskóla er háður góðu samstarfi við kennara barnanna og annað starfsfólk skólans og því á hann mörg viðtöl og samráð af ýmsum toga við starfsfólk sitt eins og næsta tafla sýnir. Umsjónarkennari barnsins er sá aðili sem oftast vísar máli til náms- og starfsráðgjafa og síðan foreldrar. Það færir í vöxt að ráðgjöf sé veitt til starfsfólks.



Tafla 3

Helstu ástæður komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa voru vegna samskipta, andlegar- og líkamlegrar líðunar og námstuðnings.



Tafla 4

## Einelti


Fimm eineltismál komu upp í Mýrarhúsaskóla á þessu starfsári sem námsráðgjafi veit um. Auðvitað er hvert mál einu máli of mikið. Unnið var samkvæmt eineltisáætlun skólans og tel ég að skólanum hafi tekist að stöðva eineltið a.m.k. í bili. Nokkrum málum þarf að fylgjast vel með næsta skólaár. Þess ber að geta að vinna í eineltismálum tekur oftast langan tíma og krefst mikillar eftirfylgdar og orku.

## Önnur verkefni

- Námsráðgjafi tók þátt í námskeiði fyrir foreldra 6 ára barna.
- Náms- og starfsráðgjafi kynnti starf sitt sérstaklega fyrir öllum 3. árgangi.

- Kennsla í námstækni: „að læra“ fyrir alla nemendur í 4. bekk og skipulögð vinnubrögð í 5. og 6. bekk. Einnig var kennt sérstaklega um góðan prófundirbúning í janúar og maí.
- Eineltisfræðsla í öllum 4. og 5. bekkjum.
- Lífsleikni „Samskipti í leik og starfi“ kennd í 5. bekk á haustmisseri í samvinnu við umsjónarkennara.
- Umsjón með „Jól í skókassa“-verkefninu sem skólinn tekur þátt í.
- Tengslakannanir gerðar í 4. og 6. bekkjum.
- Umsjón með forvarnarstarfi um kynferðislegt ofbeldi: Fræðsluefnið „Líkami minn“ fyrir 1. bekk með hjúkrunarfræðingi skólans. Brúðusýningin „Vinirnir í hverfinu“ var sýnd í 2. bekk og teiknimyndin „Leyndarmálið“ var sýnd í 3. bekk.
- Tvö námskeið voru haldin á vormisseri í ART, (félagsfærni og reiðistjórnun) fyrir nokkra drengi úr 4. og 6. bekk (sjá sérskýrslu).
- Eftirfylgd í íþróttahúsi.
- Kennaranemar sem voru í æfingakennslu fengu fræðslu um starf náms- og starfsráðgjafa á þessu skólastigi.
- Aðstoð við próftöku í janúar og maí.
- Lestrarpróf í einum árgangi í janúar og maí.
- Regluleg frímínútnagæsla allt skólaárið.

## Formlegt samstarf



Tafla 5

Hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa er að sitja fundi, starfa í nefndum og ráðum. Í þessari töflu eru kennara- og starfsmannafundir ekki taldir með en þeir eru um það bil vikulega.

Hér lýkur meginhluta skýrslu náms- og starfsráðgjafa í Mýrarhúsaskóla og við tekur umfjöllun um Valhúsaskóla.


Í lok skýrslunnar er gerð grein fyrir sameiginlegum verkefnum beggja námsráðgjafanna.

Rannveig Óladóttir:

## Grunnskóli Seltjarnarness – Valhúsaskóli, 7. – 10. bekkur

### Einstaklingsráðgjöf


Í Valhúsaskóla voru 246 nemendur. Náms- og starfsráðgjafi talaði við eða kom að málum 166 nemenda, 88 drengja og 78 stúlkna. Tafla 6 sýnir hvernig nemendur skiptust eftir aldri og kyni og fjölda foreldra sem áttu samskipti við námsráðgjafa.



Tafla 6


Námsráðgjafi átti mikið og nauðsynlegt samstarf við foreldra, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skólans, félagsþjónustu, námsráðgjafa í framhaldsskólum og fleiri. Á þessu skólaári slógu foreldrar 10. bekkinga aðsóknarmet, 42 úr þeirra hópi nýttu sér þjónustu námsráðgjafa.

Tafla 7 sýnir fjölda viðtala við nemendur Valhúsaskóla, flokkuð eftir kyni og árgangi. Margir komu nokkrum sinnum og af ýmsum ástæðum. Sumir komu bara í eitt skipti, aðrir áttu margsinnis erindi, allt upp í 25 skráðar heimsóknir.




Tafla 7

Ástæður fyrsta viðtals við nemendur eru sundurliðaðar (sjá töflu 8). Samskiptamál eru enn sem fyrr stærsti flokkurinn, en alls eiga 56 nemendur fyrsta erindi við námsráðgjafa vegna samskipta eða eineltis. 68 nemendur koma hins vegar af ástæðum sem flokkast frekar undir beina námsráðgjöf; námsráðgjöf/val, hegðun/ástundun, námstækni/skipulag og prófkvíði/próftaka.



Tafla 8

Algengast var að nemendur kæmu til námsráðgjafa í fyrstu heimsókn að eigin frumkvæði (þótt e.t.v. hafi einhverjir fengið hvatningu heima eða annars staðar). Næststærsti hópurinn kom að ósk foreldra. Þegar námsráðgjafi kallaði til sín nemendur var það oft vegna samskiptamála eða stuðnings af einhverju tagi. Kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn áttu hugmyndina í 62 tilfellum (tafla 9).



Tafla 9

## Náms- og starfsfræðsla

### Undirbúningur fyrir val á framhaldsnámi.

Nemendur í 10. bekk fengu fræðslu um framhaldsskóla, um mismunandi skipulag náms í framhaldsskólum (áfangakerfi - bekkjarkerfi), námsbrautir, inntökuskilyrði og innritunarferli. Kynningarfundur um innritun í framhaldsskóla fyrir foreldra 10. bekk-inga var haldinn í mars; 25 foreldrar mættu.

### Framhaldsskólakynningar.

Framhaldsskólakynning fyrir útskriftarnema og forráðamenn þeirra á Seltjarnarnesi og í Vesturbæ Reykjavíkur var haldin í Valhúsaskóla í janúar. Tólf framhaldsskólar kynntu námsframboð sitt.

Á vorönn höfðu framhaldsskólar opið hús fyrir nemendur og foreldra utan kennslu-tíma. Námsráðgjafi sá um að auglýsa þær kynningar. Farin var kynnisferð með 20 nemendur í Verzlunarskólann. Þeir höfðu misst af opnu húsi þar vegna vetrarleyfis.

### Starfsfræðsla.

Þann 18. október fóru allir nemendur í 10. bekk í heimsókn á vinnustað að eigin vali.

Fimm nemendur sóttu þar að auki kynningu á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

Nemendur í 9. bekk heimsóttu Tækniskólann í mars. Námsframboð var kynnt, síðan skiptust nemendur í hópa og fengu að skoða það sem þeim fannst áhugaverðast í skólanum. Eftir ferðina voru viðhorf nemenda könnuð (sjá fylgiskjal I).

### Jafnréttismál.


Námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur fengu styrk frá forvarnarsjóði félagsþjónustu Seltjarnarness til að fá fyrirlestur fyrir stúlkur í 7. og 9. bekk, líkamsmyndar-námskeiðið, The Body Project. Könnun á líðan og högum ungmenna frá Rannsóknnum og greiningu hafði sýnt að sjálfsmýnd stúlkna, sérstaklega í 7. bekk var ekki góð. Markmið líkamsmyndarnámskeiðsins er að bæta líkamsmynd og um leið sjálfsmýnd stúlkna og gera þær þar með færari um að endurmeta staðalímyndir sem standa meðal annars í vegi fyrir fjölbeyttu náms- og starfsvali.

Námsráðgjafi ræddi um jafnréttismál og hindranir á vegi ungra manna sem hafa áhuga á hefðbundnum kvennastörfum við drengi í 9. bekk.

### Áhugakönnun.

Nemendum í 10. bekk bauðst að taka áhugakönnunina Bendil, 18 þáðu boðið.

## Formlegt samstarf – fundir



Tafla 10

Námsráðgjafi sótti fjölmarga fundi vegna starfsins eins og sjá má á töflu 10. Ekki eru tilgreindir kennara/starfsmannafundir sem haldnir voru u.þ.b. vikulega.

## Önnur verkefni.

**Skólakynning.** Námsráðgjafi tók þátt í kynningum fyrir foreldra hvers árgangs sem skólastjóri stóð fyrir í september.

**Eineltisforvarnir.** Eineltisráð Valhúsaskóla hélt ekki marga formlega fundi en hafði eigi að síður mikið samstarf. Í eineltisráði sátu námsráðgjafi, Margrét Sigurðardóttir forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar Selsins og Helga Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri. Tvær þær fyrrnefndu fóru í alla bekk skólans á haustönn með tveggja til þriggja kennslustunda forvarnar- og fræðsluverkefni. Könnun var lögð fyrir nemendur og vísbendingum um einelti var fylgt eftir samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Vitað var um fimm eineltismál í skólanum í vetur. Unnið var að lausn þeirra í samvinnu við nemendur, foreldra, kennara og stjórnendur.

**Stuðningur vegna prófa.** Nokkuð var um að nemendur sem þurfa sérstök stuðningsúrræði eða eiga við prófkvíða að stríða tækju próf hjá námsráðgjafa.

**Tengslakannanir** voru gerðar í 7. bekk í nóvember og í 8. bekk í maí.

**Hraðlestur og námstækni.** Námsráðgjafi kenndi 15 nemendum úr 8. – 10. bekk valgrein á sínu sviði, tvær kennslustundir á viku.

## Samvinna námsráðgjafa í Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla

### Uppeldi til ábyrgðar.

Námsráðgjafar sátu í stýrihóp skólans um Uppeldi til ábyrgðar (Uppbyggingarstefnu) og gegndi Kristín formennsku í hópnum.

### Að brúa bilið milli miðstigs og elsta stigs.

Námsráðgjafar skipulögðu undirbúning 6. bekkinga fyrir flutning á milli skólahúsa.

- Vinabekkjaskipti milli 6. og 9. bekkja.
- Námsráðgjafi í Valhúsaskóla heimsótti 6. bekk í Mýrarhúsaskóla.
- 6. bekkingar komu í heimsókn í Valhúsaskóla, skólastjórnendur og nemendur sýndu þeim skólann og kynntu nám og starf.

### Skýrslu fylgt eftir.

Að beiðni Baldurs Pálssonar grunnskólafulltrúa mættu námsráðgjafar á fund skólanefnar í byrjun september s.l. til að gera grein fyrir vinnu sinni og kynna síðustu skýrslu. Skýrslugerð og tilheyrandi samantekt á vinnu skólaársins er ekki eingöngu til þess fallin að gefa skólayfirvöldum upplýsingar. Að staldra við og rifja upp fjölbreytt viðfangsefni gefur okkur nauðsynlega yfirsýn og er undirbúningur fyrir næsta skólaár.

Seltjarnarnesi, 14. júní 2012

---

Kristín Sverrisdóttir, Mýrarhúsaskóla

---

Rannveig Óladóttir, Valhúsaskóla



## Heimsókn í Tækniskólann 21. mars 2012 – 9. bekkur Valhúsaskóla


55 nemendur heimsóttu Tækniskólann. Könnun var lögð fyrir nokkrum dögum seinna.

**Hópar 1 og 2** Upplýsing-, Bygginga- og Raftækniskólinn – 18 svara


**Hópur 3** Hönnunar- og handverks- og Hársnyrtiskólinn – 23 svara

**Hópur 4** Tæknimenntaskólinn, Skipstjórnarskólinn og Vélþæknisk. – 14 svara


## 1. Hvernig líkaði þér kynning námsráðgjafa Tækniskólans fyrir hópinn?



## 2. Hvernig líkaði þér skoðunarferðin um skólann?



3. Gætir þú hugsað þér að stunda nám í Tækniskólanum seinna meir?



4. Sástu/heyrðir þú eitthvað sem þú vissir ekki áður?

Dæmi um svör:

- Ég sá margt nýtt og skemmtilegt.
- Já, t.d. að það þyrfti svona mikla menntun í ljósmyndun.
- Hvað nám kostar mikið og hvað skólinn er stór.
- Já, um námið sem ég ætla í.
- Hvað það er rosalega mikið sem boðið er uppá.
- Já, um stærðfræðina í forritunaráföngunum þar sem ég stefni á nám.
- Ég vissi ekki hvað það er mikil vinna og vísindi á bak við gerð á síðum.
- Já, 3d prentara.
- Að þarna væri eina motion dots á Íslandi.
- Mér fannst mjög áhugavert og fróðlegt að sjá hvernig gullsmíði er gerð.
- T.d. að þú þarft að kaupa þína eigin hausa með ekta hári fyrir hárgreiðsluna og svo er þetta mjög fjölbreytt og spennandi nám.
- Mikið um hvernig rafmagn virkar, hvernig slökkt er og kveikt á umferðarljósum og að maður þarf að vera góður í stærðfræði til þess að verða rafeindavirki.
- Að skólinn væri með svona flottar og glæsilegar tölvur.
- Margt um grafíska miðlun.
- Um námið og stúdentinn, að það væri hægt að fá stúdentspróf í skólanum.
- Að maður getur fengið starfsréttindi eftir framhaldsskólann.
- Skipsstjórnartölvuleikurinn, ég hafði aldrei heyrt um hann.
- Já, ég heyrði eitthvað en man það ekki. (☺)